

Nd.

236. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 58 28. jan. 1935, um hafnargerð á Hornafirði.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og leitað um það álits vitamálastjóra. Er umsögn hans prentuð sem fylgiskjal með nál. Neindin leggur til, að frv. verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 19. jan. 1943.

Finnur Jónsson,
form.

Gísli Guðmundsson,
fundaskr., frsm.

Sigurður Kristjánsson.

Lúðvík Jósefsson.

Sigurður Bjarnason.

Fylgiskjal.

VITAMÁLASTJÓRINN

Reykjavík, 30. des. 1942.

Með bréfi, dags. 17. þ. m., hefur háttvirt sjávarútvegsnefnd sent mér til umsagnar frumvarp til laga um breyting á lögum um hafnargerð í Hornafirði, á þingskjali 68, og skal ég út af því leyfa mér að taka þetta fram:

Eina breytingin, sem frumvarpið gerir ráð fyrir frá núverandi lögum, er, að framlag úr rikissjóði er hækkað úr 52 þús., eins og nú er í lögnum, í 200 þús. kr., og ábyrgðarheimild ríkisins er hækkuð úr 78 þús. kr. upp í 300 þús. kr., eða með öðrum orðum, gert ráð fyrir, að kostnaður við framkvæmdir verði $\frac{1}{2}$ millj. kr., í stað 130 þús. kr. áður.

Undanfarið hefur farið fram hér á skrifstofunni nokkur athugun á því, hvernig hægt væri að bæta hafnarskilyrði fyrir Hornafjörð, og hafa þá ýmsar leiðir komið til álita, og hefur enn ekki verið gengið að fullu úr skugga um, hver þeirra verði farin.

Eín leiðin er sú að dýpka álinn inn, alla leið inn að núverandi uppfyllingu eða bólverki, sem er fyrir framan kaupfélagshúsin. Ef fara ætti þessa leið, yrði að framkvæma geysimikla dýpkun, því að mikill hluti leiðarinnar er svo grunnur, að þar fljóta ekki, eins og er, nema smæstu hátar, auk þess þyrfti þá einnig að endurnýja og endurbyggja legupláss fyrir skip, þar sem núverandi afgreiðslupláss er.

Önnur leiðin er sú að gera bryggjuna út í Álaugarey og gera akvegarsamband inn í kaupúnið. Þetta hefur þann kost, að bryggjan yrði tiltölulega ódýr, því að aðdýpi er mikið við Álaugarey að austanverðu. Vegarsamband úr eyjunni yfir Óslandið og yfir álinn, sem skilur það frá kaupúninu, mundi að vísu kosta nokkuð mikið fé, en sennilega verðnr þó þessi leið ódýrari og að ýmsu leyti heppilegri heldur en sú, er fyrr var nefnd.

Fyrir nokkrum árum var gert fyrirstöðupil úr Heppu út í Standey, og hefur ofan við þetta þil safnast nokkur fylling af framburði fljótsins. Þriðji möguleikinn er svo að byggja bryggju út í Standey og leggja akveginn yfir þessa uppfyllingu, sem myndast hefur, inn í kaupúnið. Er þessi leið ekki ósvipuð því, ef bryggja yrði byggð í Álaugarey, nema hvað þá lokast ekki sundið á milli Óslandsins og kaupúnsins.

Niðurstöðutölur yfir kostnaðinn eru enn ekki fyrir hendi, enda má segja, að þær breytist dag frá degi. Ég tel mjög sennilegt, að of einhver mannvirki verði gerð þarna svo um munar, eitthvað í áttina við það, sem nefnt er hér að ofan, þá muni kostnaður með núverandi verðlagi ekki verða undir því, sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu.

Hornafjörður er eina höfnin á mjög stóru svæði, þar sem möguleikar eru til,

með viðráðanlegum kostnaði, að gera höfn, sem því nafni má nefna. því ég tel, að skilyrði til þeirra hluta séu betri á þeim stað en nokkurs staðar annars staðar í grenndinni.

Ég skal leyfa mér að taka fram, að s. l. sumar áttum við Jón Ívarsson, fyrrv. alþingismaður, tal við hafnarstjórnann í Reykjavík um leigu á dýpkunarskipi Reykjavíkurhafnar til að annast þar nauðsynlegan uppgröft, og lá þá fyrir eindregið vilýrði hafnarstjóra um að leigja skipið.

Ég vil því eindregið leyfa mér að leggja til, að frumvarpið verði samþykkt.

Emil Jónsson.

Til sjávarútvegsnefndar Nd. Alþingis.